

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag í Ásahreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Ásahrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlanir:

1. *Deiliskipulagsbreyting, Lækjartún.*  
Með breytinginni er gert ráð fyrir nýrri 3,44 ha lóð þar sem heimilt er að byggja allt að 300 m<sup>2</sup> íbúðarhús með bílskúr svo og 300 m<sup>2</sup> skemmu, allt að 500 m<sup>2</sup> gróðurhús og allt að 100 m<sup>2</sup> gestahús. Innan lóðar er heimild um beitarhús og lind.  
Samþykkt af sveitarstjórn þann 10. október 2018.
2. *Deiliskipulagsbreyting, Sjónarhóll, landnr. 198871.*  
Breytingin felur í sér að land Sjónarhóls er stækkað úr 2,8 ha í 5,0 ha auk þess sem byggingarreitur B1 er stækkaður til norðurs og aukið við leyfilegt byggingarmagn á reitnum um 800 m<sup>2</sup>. Þá er aukið við byggingarmagn um 100 m<sup>2</sup> á byggingarreit B2.  
Samþykkt af sveitarstjórn þann 10. október 2018.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

*Laugarvatni, 22. nóvember 2018.*

Skipulags- og byggingarfulltrúi uppsveita bs.,

**Rúnar Guðmundsson.**

---

B-deild – Útgáfud.: 26. nóvember 2018